Ungir jafnaðarmenn

Lætur ekki þagga niður í sér

Viðtal við Heiðu Björgu Hilmisdóttur, varaformann Samfylkingarinnar

Jöfn og frjáls

Málgagn Ungra jafnaðarmanna

maí 2018

Ritstjórn:
Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson, Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, Þórarinn Snorri Sigurgeirsson.
Umbrot:
Inga Auðbjörg K. Straumland
Ljósmyndir:
Berglaug Petra Garðarsdóttir og fl.

Leiðari

Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson
ritstjóri

Á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins þann 1. maí endurfluttu Ungir jafnaðarmenn lengstu ræðu sem flutt hefur verið í sögu Alþingis. Jóhanna Sigurðardóttir flutti ræðuna upphaflega árið 1998, en þá talaði hún í rúmar 10 klukkustundir til varnar verkamanna-bústaðakerfinu sem jafnaðarmenn byggðu upp á sínum tíma. Jóhanna tapaði slagnum og ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar tókst ætlunarverk sitt, að leggja niður félagslegt húsnæðiskerfi á Íslandi.

Okur á leigumarkaði

Spólum áfram til dagsins í dag. Húsnæðisskortur hefur keyrt upp leiguverð á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin ár og það er sár vöntun á félagslegu húsnæði. Ungt og tekjulágt fólk hírist á ónýtum leigumarkaði og þarf að þola óvissu um framtíðina. Formaður VR benti nýlega á dæmi þar sem leiguverð hjá einkareknu leigufélagi hækkaði um 50–70% á tveimur árum. Þetta óöryggi veldur því að fjölskyldur lenda á hrakhólum og sumar hafa jafnvel neyðst til að flytja til annarra landshluta í leit að öruggu húsnæði. Ástandið sem við sjáum á húsnæðismarkaði í dag er afleiðing af því að við búum ekki við almennilegt félagslegt húsnæðiskerfi. Húsnæði er ekki eins og hver önnur neysluvara sem á að lúta lögmálum markaðarins. Húsnæði er mannréttindi og aðgengi að öruggu húsnæði er forsenda þess að hægt sé að byggja upp velferðarsamfélag þar sem allir njóta jafnra tækifæra.

Endurreisn félagslega húsnæðiskerfisins hafin

Á þessu kjörtímabili hefur Reykjavíkurborg stigið fyrstu skrefin í átt að endurreisn hins félagslega húsnæðiskerfis. Í samvinnu við félög sem starfa án hagnaðarsjónarmiða hefur borgin farið af stað í viðamikla uppbyggingu á hagkvæmum íbúðum um alla borg. Þetta eru félög á borð við Félag eldri borgara, Félagsstofnun stúdenta og verkalýðshreyfinguna, en auk þess hyggst borgin fjölga félagslegum íbúðum á sínum vegum um 600 á næstu fimm árum. Stærsta uppbyggingarskeið í sögu borgarinnar er hafið.

Aðgerðir Reykjavíkurborgar eru mikilvægt skref í rétta átt en þau duga ekki til. Önnur sveitarfélög þurfa að axla ábyrgð og taka þátt í uppbyggingunni. Hingað til hafa nágrannasveitarfélög Reykjavíkur nánast skilað auðu í uppbyggingu félagslegra íbúða og velt ábyrgðinni alfarið yfir á borgina. Í Reykjavík eru 20 félagslegar íbúðir á hverja 1000 íbúa en þær eru aðeins 12 á hverja 1000 íbúa í Kópavogi, 8,5 í Hafnarfirði, 3,6 á Seltjarnarnesi og 2,3 í Garðabæ.

Ríkisstjórnin þarf einnig að bretta upp ermar. Koma verður böndum á einkareknu leigurisana og hefja samstarf við sveitarfélög og verkalýðshreyfingu um uppbyggingu almennra leiguíbúða. Staðreyndin er sú að ef verkamanna-bústaðakerfið hefði ekki verið afnumið á sínum tíma má ætla að um 12 þúsund íbúðir væru innan þess kerfis í dag — íbúðir sem hið opinbera gæti leigt tekjulágu fólki án hagnaðarsjónarmiða. Nú er lag að snúa bökum saman og byggja aftur upp öruggt félagslegt húsnæðiskerfi á Íslandi.

Ekkert mál

að lifa umhverfisvænni lífsstíl

Branddís Ásrún Snæfríðardóttir er 22 ára nemi við Háskóla Íslands. Hún skipar 5. sætið á lista Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ. Branddís reynir eftir fremsta megni að lifa umhverfisvænum lífsstíl og segir að allir geti lagt sitt af mörkum í þágu umhverfisins. Branddís sagði okkur frá því sem hún gerir dagsdaglega til að takmarka spor sitt á vistkerfi jarðar.

Matarvenjur hafa áhrif

„Umhverfisvernd byrjar hjá manni sjálfum og hversdagslegar athafnir geta haft mikil áhrif. Það á til dæmis við um matarræðið. Ég borða ekki dýraafurðir því framleiðsla þeirra hefur mikil neikvæð áhrif á umhverfið. Ég reyni líka að kaupa mikið íslenskt því maturinn er umhverfisvænni ef hann hefur ekki ferðast langar vegalengdir. Ég kaupi t.d. bara bygg sem kemur í pappaumbúðum og er framleitt á Íslandi. Við nýtum alla matarafganga og erum með moltu úti í garði. Svo reyni ég alltaf að búa til nesti sjálf,nota umhverfisvænt nestisbox og er alltaf með fjölnota hnífapör."

Lítil skref best

„Ef manni finnst tilhugsunin um að verða umhverfisvænni erfið er mikilvægt að taka lítil skref og prófa sig áfram, þá fattar maður alltaf fleiri og fleiri hluti sem hægt er að gera. Ég hef til dæmis losað mig við plastbrúsana sem fylgja matarolíunni. Ég nota sömu glerflöskuna undir matarolíuna og fer í Frú Laugu til að fá áfyllingu. Við erum líka með Soda Stream vél og kaupum aldrei gosflöskur úti í búð. Þegar maður venst þessu er þetta ekkert mál."

Allt hefur áhrif

„Ef ég skoða t.d. hversu mikið af dömubindum ég spara í gegnum lífsleiðina með því að nota frekar álfabikarinn, þá get ég ímyndað mér fjallið af dömubindum sem ég myndi annars skilja eftir mig á jörðinni. Ef maður ímyndar sér fjallið af úrgangi sem maður skilur eftir sig sem einstaklingur þá sér maður hvað þetta skiptir miklu máli. Ég nefni líka Facebook-hópinn Plokk á Íslandi; það er nánast búið að hreinsa allt höfuðborgarsvæðið af rusli á ótrúlega stuttum tíma. Þannig að lítið framtak getur skipt heilmiklu máli."

Umhverfisvernd byrjar hjá manni sjálfum og hversdagslegar athafnir geta haft mikil áhrif.

Jafnaðar-menn gegn fasisma

Nikólína Hildur Sveinsdóttir

alþjóðaritari

Markmið jafnaðarmanna um allan heim er fyrst og fremst að skapa réttlátara og jafnara samfélag. Við viljum að öllum séu veitt sömu tækifærin óháð félagslegum þáttum eins og kyni, kyngervi, kynhneigð, efnahag, útliti, menningu, trú, uppruna og áfram mætti halda. Jafnaðarmenn vilja takast á við flóttamannavandann sem birtist okkur nú því það er samofið jafnaðarhugsjóninni að hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi. Því er mikilvægt að við á Vesturlöndum leggjum hönd á plóg, sameinumst öll og tökum á móti þeim sem flýja þurfa heimkynni sín vegna stríðs, ofsókna eða annarra ógna. Þessi mikli fjöldi flóttafólks hefur þó skapað óöryggi og ótta hjá mörgum Vesturlandabúum, óöryggi og ótta við það sem birtist þeim sem framandi. Þegar ótti fær að gerjast og ná rótum elur hann af sér fordóma. Fólkið sem hefur þessa fordóma klæðir þá upp í nýjan búning og kallar þjóðarstolt. Þeir sem vilja upphefja þjóðarstolt leggja áherslu á að verja verði þjóðleg gildi, menningu og tungumál fyrir innflytjendum og flóttafólki. Þetta má með öðrum orðum kalla þjóðernishyggju.

Ekki þarf að líta lengra en til Frakklands þar sem tvísýnt var á köflum hvort þjóðernishyggjan myndi bera sigur úr býtum í forsetakosningum á síðasta ári. Donald Trump er forseti Bandaríkjanna, maður sem byggði kosningabaráttu sína að miklu leyti á útlendingahatri. Það er verið að loka landamærum víðsvegar í Evrópu og senda fólk aftur í hræðilegar aðstæður heimkynna sinna eða í yfirfullar flóttamannabúðir. Við lifum á tíma hnattvæðingar og hefur heimurinn aldrei verið minni en hann er nú. Því er ekki hægt að loka landamærum fyrir fólki, sér í lagi ekki þeim sem leita á náðir Vesturlanda á flótta frá heimkynnum sínum.

Stærstu andstæðingar jafnaðarstefnunnar og hugsjón okkar um frjálst, opið fjölmenningarsamfélag eru öfga hægriöflin. Hryðjuverkin í Osló og Útey þann 22. júlí 2011 voru framin af öfga hægrimanni sem kallaði sig þjóðernissinna. Hann vildi standa vörð um norska þjóðarstoltið og beindi árásinni gegn félögum okkar í Ungum jafnaðarmönnum í Noregi. Hann myrti 77 manns, þar af 69 í Útey þar sem börn og unglingar voru í miklum meirihluta. Þetta var árás á jafnaðarmenn og framtíð jafnaðarstefnunnar.

Við stöndum nú frammi fyrir því að þjóðernishyggjan er að skipta um ham og breytast í fasisma. Fasismi er að taka fótfestu á Vesturlöndum á ný. Ógnin er raunveruleg og jafnaðarmenn um allan heim verða að standa saman gegn uppgangi hans. Við látum ekki hægri öfgaöfl og hatur þagga hugsjónir okkar niður.

Við stöndum nú frammi fyrir því að þjóðernis-hyggjan er að skipta um ham og breytast í fasisma.

Get ekki beðið eftir að unga fólkið taki völdin -ávarp formanns

Fyrr í vor komst frumvarp um lækkun kosningaaldurs til umræðu á Alþingi. Lækkun kosningaaldurs hefur verið baráttumál Ungra jafnaðarmanna um árabil, en síðustu ár hafa æ fleiri samtök tekið málið upp, og munar þar mest um Landssamband ungmennafélaga og fjölmörg aðildarfélög þess. Ungliðahreyfingar allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi og starfrækja ungliðahreyfingar styðja lækkun kosningaaldurs og er það ekki í mörgum málum sem slík þverpólitísk samstaða næst.

Málþóf miðaldra karla

Samstaða samtaka ungs fólks um málið náði þó ekki til Alþingis. Þó flutningsmenn frumvarpsins hafi komið frá hinum ýmsu flokkum klauf frumvarpið nokkra þingflokka og afgreiðsla málsins varð æsispennandi. Málið slapp í gegnum aðra umræðu en þegar kom að þriðju og síðustu umræðu stöðvuðu örfáir þingmenn málið með málþófi. Alger tilviljun er auðvitað að þessir þingmenn voru helst karlar komnir á eða yfir miðjan aldur. Þeir unnu þessa orrustu og komu í veg fyrir að 16 og 17 ára ungmenni geti kosið í sveitarstjórnarkosningunum 26. maí næstkomandi. Það verður afturhaldssinnunum hins vegar skammgóður vermir, því lýðræðisvakning ungs fólks er komin á fullt skrið.

Ætlar engin að hugsa um börnin?

Í umræðunum um lækkun kosningaaldurs á Alþingi um daginn tók einn andstæðingur frumvarpsins þann pól í hæðina að það ætti fyrir alla muni að leyfa börnunum að vera börn í friði. Merkilegt nokk blikkar enginn auga yfir því að þessi sami aldurshópur, þ.e. 16-17 ára börn, séu almennt komin út á vinnumarkaðinn, búin að klára skyldunám og hafi þurft að velja sér sjálf framhaldsnám, séu sakhæf og skattskyld og farin að taka ábyrgð á sjálfum sér undir stýri á bíl. En ómægod, látið þau í friði frá pólitík!

Fyrir utan það skaðlega viðhorf til stjórnmála sem í þessum málflutningi birtist, þá felst í þessu viðkvæði fyrst og fremst ósk um að ungmenni fái að vera „í friði fyrir" því að hafa rödd og áhrif á samfélagið sitt en kæra Inga Sæland, sá friður er úti.

Vakning unga fólksins

Baráttan um lækkun kosningaaldurs fæddist ekki í tómarúmi. Síðustu ár hefur merkileg þróun átt sér stað. Víða um land eru nú starfrækt ungmennaráð, þar sem ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri hafa beina aðkomu að stjórnkerfi sveitarstjórna. Í fjölmörgum framhaldsskólum og m.a.s. nokkrum grunnskólum hafa verið stofnuð femínistafélög — eitthvað sem hefði þótt óhugsandi fyrir ekki svo mörgum árum síðan.

Feminískar samfélagsmiðlabyltingar eins og #freethenipple, #konurtala, #þöggun, #6dagsleikinn o.fl. voru bornar uppi af ungum konum, og það sama má segja um Druslugönguna, sem fylkir núna þúsundum manna á ári hverju niður Skólavörðustíginn til að skila skömminni til gerenda ofbeldis. Allt skipulagt af ungum konum.

Í krafti Landssambands ungmennafélaga og Sambands íslenskra framhaldsskólanema er nú verkefnið #ÉgKýs orðið viðtekin venja fyrir kosningar (þrisvar á jafnmörgum árum núna), þar sem lýðræðisvika er haldin í flestum framhaldsskólum og skuggakosningar haldnar. Skuggakosningarnar eru framkvæmdar að fullu af nemendafélögum skólanna og taka ungmennin þannig fulla ábyrgð á þessu metnaðarfulla lýðræðisverkefni. Það er í þessu umhverfi sem lækkun kosningaaldurs kemst á dagskrá.

Þegar við þetta allt saman bætist að kynslóðin sem nú er á ungmennaaldri og þar fyrir neðan er frjálslyndari og víðsýnni en líklegast nokkur önnur kynslóð hingað til, þá getur maður nú bara ekki beðið eftir því að unga fólkið taki sæti miðaldra afturhaldsseggjanna á Alþingi.

Þórarinn Snorri Sigurgeirsson

formaður

5 hlutir sem þú þarft ekki að hafa áhyggjur af þegar þú ferð á Interrail

Langbesta leiðin til að upplifa Evrópu er í lestum. Ungum Evrópubúum býðst að kaupa svokallaðan Interrail-passa sem gerir þeim kleift að ferðast með lestum um alla Evrópu tiltölulega ódýrt og án mikillar fyrirhafnar. Það er margt sem hafa ber í huga áður en haldið er út í slíkt ævintýri en hér er listi yfir atriði sem þú þarft ekki að hafa neinar áhyggjur af.

Engin vegabréf

Schengen-samstarfið er hluti af stefnu Evrópusambandsins um frjálsa för fólks. 22 af 28 ríkjum ESB taka þátt í samstarfinu og hafa afnumið vegabréfaeftirlit á landamærum sínum við hvert annað. Þetta þýðir að þú losnar við tímafrekt vegabréfaeftlirlit á ferðalagi þínu um Evrópu. Settu vegabréfið í töskuna og njóttu ferðalagsins!

Einn gjaldmiðill ræður þeim öllum

19 af 28 ríkjum Evrópusambandsins eru þátttakendur í myntsamstarfi ESB. Þetta þýðir að í stað 19 ólíkra gjaldmiðla í þessum ríkjum þarft þú aðeins að nota einn: Evruna. Þú sleppur við óþarfa áhyggjur af því að skipta yfir í nýjan gjaldmiðil á hverjum nýjum áfangastað á ferðalaginu. Geymdu Evrurnar bara í veskinu og slappaðu af.

Snappaðu að vild

Á síðasta ári tók í gildi ný reglugerð Evrópusambandsins sem bannar evrópskum símafyrirtækjum að rukka aukalega fyrir hringingar og gagnanotkun á milli landa sem tilheyra Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Þetta þýðir að þú getur hringt í foreldra þína og snappað eins og þú vilt, sama hvar þú ert á ferðalaginu án þess að þurfa að borga fyrir það aukalega. Takk ESB!

Evrópa er matarkista

Þvert á yfirlýsingar sumra andstæðinga Evrópusambandsins á Íslandi ríkir engin hungursneyð í Evrópu. Evrópa er þvert á móti álfa fjölbreyttra matarhefða og hvert svæði býr yfir eigin sérréttum. Auk þess er Evrópa suðupottur ólíkra menningarheima og því er alltaf stutt í næsta texasborgara eða sýrlenska kebab. Stöðugur gjaldmiðill, lágir vextir og engir innflutningstollar sjá svo til þess að verðlag á matvörum er mun hagstæðara en á Íslandi.

Alltaf tilefni fyrir bjór

Evrópa er álfa bjórsins. Hlýtt loftslag, rólegt andrúmsloft og hagstætt verðlag þýða að það er alltaf ástæða til að fá sér bjór í Evrópu. Því kemur ekki á óvart að í Evrópu er hægt að prófa yfir 50 þúsund tegundir af bjór. Það er sama hvar þú ert staddur í álfunni, ódýr bjór er nánast alltaf handan við hornið.

Lætur ekki þagga niður í sér

Texti: Óskar Steinn
Myndir: Berglaug Petra

Heiða Björg Hilmisdóttir er borgarfulltrúi, formaður ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkur og varaformaður Samfylkingarinnar. Hún skipar 2. sætið á framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík og segir að valið í borginni snúist um það hvort við viljum halda áfram að þróa borg fyrir okkur öll eða hverfa aftur til fortíðar. Við tókum Heiðu tali í Ráðhúsi Reykjavíkur og ræddum við hana um #me-too-hreyfinguna, næturstrætó og áherslur hennar í borgarstjórn Reykjavíkur.

Þrátt fyrir að hafa alist upp í mjög pólitískri fjölskyldu hóf Heiða Björg ekki bein afskipti af stjórnmálum fyrr en árið 2013 þegar hún var kjörin í stjórn Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar. Hún tók fljótt við sem formaður Kvennahreyfingarinnar og var í kjölfarið farin að sitja fundi í framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar. Þá var ekki aftur snúið og vorið 2014 gaf hún kost á sér í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningar.

Vill hjálpa börnum sem eiga erfitt

„Mér fannst þörf á að gefa jafnréttismálum meira vægi á Íslandi og það var þess vegna sem ég fór inn í Kvennahreyfinguna," segir Heiða um ástæður þess að hún hóf þátttöku í stjórnmálum. Kvennahreyfingin hvatti konur innan Samfylkingarinnar til

að gefa kost á sér í sveitarstjórnum og þá fannst Heiðu skrítið að gera það ekki sjálf, hafandi fullt af skoðunum á því hvernig samfélagið ætti að vera.
„Þá hafði bæst við að sonur minn veiktist og í gegnum þá lífsreynslu að eiga veikt barn sem þarf mikla þjónustu fann ég fyrir því hvað þarf að slípa kerfið mikið svo það styðij betur við einstaklinginn. Ég fann líka fyrir því hvað við vorum í mikilli forréttindastöðu því ég var í þannig vinnu að ég gat skotist mikið frá til að aðstoða hann. Það eru alls ekki allir í þeirri stöðu þannig að ég fór að hugsa um allt fólkið sem hefur ekki sama bakland og sonur minn."

Heiða tók sæti í borgarstjórn Reykjavíkur þegar Björk Vilhelmsdóttir hvarf til annarra starfa árið 2015. Hún segir reynsluna af veikindum sonar síns hafa haft mikil áhrif á störf sín í borgarstjórn.
„Ég hef lagt áherslu á stuðning við börn sem eiga í erfiðleikum. Það á að vera hægt að hjálpa þeim hratt og örugglega. Við erum að ná árangri þar með því að minnka þessa tilhneigingu okkar til að setja alla á biðlista eftir greiningu og spyrja frekar börnin hvað þau þurfa."

Mikilvægt að útrýma ofbeldi í samfélaginu

Þrátt fyrir að hafa aðeins setið í borgarstjórn í þrjú ár hefur Heiða sannarlega sett mark sitt á borgina. Hún er m.a. formaður stjórnar Strætó og formaður ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkur sem hún hafði forystu um að setja á fót. Heiða segir það forréttindi að fá að hafa áhrif á samfélagið.
„Þau eru svo ótrúlega mikilvæg, þessi litlu augnablik þegar maður finnur að maður hefur áhrif, þó að aðrir viti kannski ekki af því eða maður fái ekki endilega kredit fyrir það. Sem borgarfulltrúi getur maður haft heilmikil áhrif. Ég á marga litla sigra sem ég er mjög stolt af, sérstaklega varðandi þjónustu við börn, fólk með fötlun og aldrað fólk. Svo er ég mjög stolt af Strætó, það hefur verið mjög gaman að vera stjórnarformaður þar og þar hefur mér tekist að ná fram mörgum litlum og stórum sigrum."

Þegar Heiða tók sæti í borgarstjórn lagði hún strax áherslu á baráttuna gegn ofbeldi. Hún er sérstaklega stolt af ofbeldisvarnarnefndinni sem borgarstjórn setti á fót sumarið 2015 og segir stofnun nefndarinnar hafa átt nokkurn aðdraganda.
„Ég skrifaði greinar um að ég vildi stofna ofbeldisvarnarnefnd þegar ég var í prófkjörinu árið 2014 því mér finnst rosalega mikilvægt að sveitarfélög og ríki vinni markvisst að því að útrýma ofbeldi í samfélaginu," segir Heiða. Ofbeldisvarnarnefndin sé vettvangur sem sameini aðila frá borginni, grasrótarsamtök sem berjast gegn ofbeldi eða styðja við þolendur ofbeldis; lögregluna, landlækni og fleiri.
Heiða segir að nefndin hafi ekki setið auðum höndum. Hún hafi náð að setja ofbeldismál rækilega á dagskrá borgaryfirvalda þannig að ofbeldisforvarnir séu oft til umræðu í borgarráði og borgarstjórn. Nefndin hafi einnig hrint af stað verkefnum á borð við Bjarkahlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Þá hafi hún sett af stað fræðslu á öllum skólastigum um ofbeldi og kynlíf og svarað þannig kalli ungmenna í borginni sem hafi ítrekað kallað eftir slíkri fræðslu.
„Nú erum við að setja af stað verkefni sem tengjast ofbeldi meðal aldraðra og fólks með fatlanir og ætlum að fara markvisst inn í allar stofnanir borgarinnar sem vinna með fötluðum til að fyrirbyggja ofbeldi. Við erum einnig að horfa á það hvernig við getum nálgast fólk af erlendum uppruna og karlmenn sem verða fyrir ofbeldi. Við höfum samþykkt aðgerðaráætlun gegn mansali og skipað teymi til að hindra að slíkt viðgangist," segir Heiða. Hún segir mikilvægt að Samfylkingin fái að leiða þetta mikilvæga starf áfram með jafnaðarstefnuna að leiðarljósi.

Reynt að þagga niður í konum

Heiða hefur einnig vakið athygli utan borgarstjórnar fyrir

Heiða Björg, ásamt Loga Einarssyni, formanni Samfylkingarinnar, á Landsfundi flokksins í mars.

baráttu sína gegn ofbeldi. Hún stofnaði fyrsta íslenska #metoo-hópinn á Facebook en þar safnaði hún saman sögum íslenskra stjórnmálakvenna af ofbeldi og áreitni. Þá byrjaði boltinn að rúlla og nú hafa fjölmargir hópar komið fram og sagt sínar sögur. „Ég er mjög stolt af #metoo-hreyfingunni. Hún beinir augum okkar að samfélagsmeini sem við höfum horft allt of lengi framhjá. Við vitum að nánast allar konur verða fyrir áreitni og ein af hverjum þremur verður fyrir ofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni. Einn af hverjum tíu strákum verður fyrir ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Þetta er óásættanlegt. Áhrifin af ofbeldi geta verið svo langvarandi og alvarleg og þetta kostar okkur sem samfélag gríðarlega mikið," segir Heiða. #Metoo-hreyfingin hefur undið upp á sig upp á síðkastið og nýjustu hóparnir til að stíga fram með sögur sínar eru konur af erlendum uppruna og konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi sem börn. Heiða segir mikilvægt að jaðarsettar konur stigi fram með sínar sögur. „Við lögðum mikla áherslu á það, við forréttindakonurnar sem komu fram fyrst, að styðja við aðra jaðarsettari hópa kvenna. Þessi hreyfing hefur sannarlega sannað mikilvægi sitt og ég er mjög stolt af því að hafa átt þátt í því að koma þessu af stað. Ég er líka þakklát fyrir það hvernig konur á Íslandi komu með og tóku þátt í þessu."

Heiða hefur orðið fyrir aðkasti frá þeim sem hún kallar „háværan en mjög fámennan hóp karlmanna" vegna þátttöku sinnar í #metoo-hreyfingunni. Þetta séu karlar sem finnst konur vera komnar út fyrir einhver mörk. „Sumir karlar eru alveg með mig á heilanum og fara varla í útvarpsviðtal án þess að nefna hvað ég sé hræðileg."
Aðkastið hefur gengið óþægilega langt að mati Heiðu, svo langt að einu sinni var skorið á dekkin hjá konu sem hefur tekið virkan þátt í hreyfingunni. „Mér fannst þetta svolítið erfitt á tímabili en ég ætla ekki að láta þetta stoppa mig. Þetta er gert til að þagga niður í okkur en við ætlum ekki að leyfa þeim að gera það. Það er mikilvægt að #metoo-byltingin líði ekki út af heldur haldi áfram og það er hlutverk okkar allra að sjá til þess að hún skili sér í varanlegum breytingum á samfélaginu."

Fái að skilgreina kyn sitt sjálft

Heiða segir að meirihlutinn í Reykjavík hafi ekki látið sitt eftir liggja í baráttunni fyrir jafnrétti. Borgin hafi t.d. sett þá skyldu á íþróttafélögin að þau bjóði upp á jafn góða íþróttaaðstöðu fyrir stelpur og stráka. Nú sé borgin að skoða sérstaklega hvernig hún geti mætt hinum kynjunum og líti t.a.m. til kynlausra búningsklefa í sundlaugum. Heiða bendir á að Reykjavík hafi verið fyrsta sveitarfélagið sem gerði samning við Samtökin '78 um fræðslu í grunnskólum og nú sé borgin að leita til Samtakanna um samstarf til að fyrirbyggja ofbeldi gegn hinsegin fólki. „Eitt af þeim góðu verkefnum sem ég hef komið nálægt er Heilsueflandi samfélag og hluti af því er að fylgjast mjög náið með líðan ungmenna í hverfunum okkar. Við sjáum það að börn sem eru óviss um kynhneigð sína eða kyn, þeim líður langverst.

Þannig að þessi fræðsla í skólunum um að það sé allt í lagi að vera öðruvísi, hún er gríðarlega mikilvæg.“ Heiða segir að samfélagið verði að átta sig á því að það sé ekki hlutverk þess að ákveða hvaða kyn fólk eigi að vera, fólk verði að fá að ákveða það sjálft. „Þess vegna viljum við halda áfram þessu starfi og ætlum til dæmis að taka út þessa kyngreiningu í kerfinu þannig að fólk sé ekki alltaf þvingað til að skilgreina sig sem annað hvort karl eða konu.“

Strætó á að vera fyrir alla

Sem formaður stjórnar Strætó hefur Heiða beitt sér fyrir bættri þjónustu. Um síðustu áramót var tíðni aukin á háannatíma auk þess sem akstur var lengdur á kvöldin. Þá býður Strætó nú upp á næturakstur um helgar, í fyrsta sinn í fleiri ár.
„Þessi ár sem ég er búin að vera stjórnarformaður Strætó hafa verið ótrúlega skemmtilegur tími. Það er mikill áhugi núna á almenningssamgöngum. Fólk er að vakna til meðvitundar um að við getum ekki haldið áfram að nota einkabílinn svona mikið. Börnin okkar eru að anda að sér bíldekkjum og malbiki og það er eitthvað sem við verðum að þora að tala um.“
Heiða segir að breytingarnar um síðustu áramót hafi miðað að því að koma til móts við það sem notendur Strætó voru að kalla eftir. Kannanir hafi sýnt að fólk hafi vildi traustari þjónustu, ekki endilega ódýrari. Meðal þess sem kallað var eftir var meiri tíðni og að Strætó gengi lengur á kvöldin þannig að maður gæti klárað bíómyndina sína eða jafnvel kíkt á barinn og farið heim með Strætó. Þá var ákveðið að prófa að lengja akstur á kvöldin og hefja næturakstur um helgar.
„Það voru margar úrtöluraddir sem sögðu að þetta yrði ekki hægt, vagnarnir yrðu bara fullir af fullu ungu fólki í slagsmálum. Við höfðum meiri trú á unga fólkinu en það og kýldum á þetta,“ segir Heiða. Næturstrætó hafi gengið mjög vel og að ekki hafi komið upp neinar meiri háttar uppákomur.
Heiða segir næturstrætó líka snúast um að jafna tækifæri fólks, því verið sé að bæta þjónustu við fólk sem vinni á óhefðbundnum tímum.
„Strætó á að vera fyrir alla og þú þarft ekki að þurfa að eiga bíl til að komast á milli staða í borginni.“

Meirihlutinn í Reykjavík leggur mikla áherslu á almenningssamgöngur og eitt af kosningamálum Samfylkingarinnar er að það verði sett upp borgarlína sem tengir saman allt höfuðborgarsvæðið.
„Borgarlínan er í rauninni bara flottir rafmagnsstrætisvagnar sem keyra á sérakgreinum. Þetta þýðir að þjónustan verði áreiðanlegri og vagnarnir alltaf á réttum tíma. Þá held ég að við munum sjá alvöru aukningu í notkun almenningssamgangna því á meðan strætó er fastur í umferðinni eins og hinir bílarnir, þá er erfitt að tryggja að hann sé á réttum tíma.“

Valið er skýrt í borginni

Flestar skoðanakannanir benda til þess að meirihlutinn í borginni haldi velli. Segja má að tveir turnar berjist um völdin í borginni, Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn. Heiða segir að val borgarbúa sé skýrt.
„Þessar kosningar snúast um það hvort við viljum halda áfram að þróa borgina í þá átt að vera borg fyrir okkur öll eða hvort við viljum horfa aftur til fortíðar og byggja upp gamaldags borg. Græna borg með góðar og áreiðanlegar almenningssamgöngur og líflegt mannlíf eða borg fyrir bíla þar sem úthverfin stækka og mengun eykst. Fjölbreytta borg með blönduðum og skemmtilegum hverfum eða stéttaskipta borg þar sem fólki er skipt upp í hverfi fyrir fátæka og hverfi fyrir ríka.“
Heiða segir að þessi áherslumunur sjáist líka í skólamálunum, þar sem við valið standi á milli fjölbreyttra skóla þar sem börn hafa jöfn tækifæri eða einkaskóla þar sem börn eru flokkuð eftir efnahag og félagslegri stöðu. Samfylkingin hafi lagt áherslu á að þétta borgina og byggja upp ódýrt leiguhúsnæði í samstarfi við verkalýðshreyfinguna og samtök stúdenta á meðan Sjálfstæðismenn sjái fyrir sér frekari útþenslu byggðarinnar sem muni auka umferðarvandann í borginni og kalla á meiri kostnað í gatnakerfinu.
„Við viljum meiri jöfnuð og höfum verið að auka þjónustu við fólk sem þarf á henni að halda. Sjálfstæðismenn hafa hins vegar verið að leggja fram tillögur allt kjörtímabilið um að lækka fjárhagsaðstoð og draga úr stuðningi við þá sem hafa minna á milli handanna. Þannig að það eru mjög ólíkar áherslur í borginni um það hvert við viljum stefna og valið er skýrt.“
Heiða var kjörin varaformaður Samfylkingarinnar á landsfundi flokksins fyrr á þessu ári. Hún segir allt benda til þess að Samfylkingin muni hljóta gott gengi í komandi sveitarstjórnarkosningum.
„Flokkurinn hefur verið að eflast síðasta ár og í Alþingiskosningum tókum við stórt skref í þá átt að vinna fyrri styrk. Í komandi sveitarstjórnarkosningum höfum við alla möguleika á að styrkja stöðu okkar og það skiptir miklu máli að jafnaðarfólk stjórni sveitarfélögum. Mikið af nýju öflugu fólki hefur komið til liðs við okkur í bland við reynslumeira fólk. Með ríkisstjórn sem stendur fyrir kyrrstöðu er mikilvægt að jafnaðarfólk fái brautargengi til að stýra sveitarfélögum um allt land og vinni samhent að því að bæta samfélagið og nærþjónustu við íbúa.“

Börnin okkar eru að anda að sér bíldekkjum og malbiki og það er eitthvað sem við verðum að þora að tala um.



Að ofan: Sara Mansour tekur við viðurkenningu JCI um framúrskarandi störf í þágu samfélagsins. Til hægri: Elísabet Brynjarsdóttir

Berjast fyrir bættum heimi

Sara og Elísabet eru ungir aktívistar sem vilja bæta samfélagið

Við tókum tali tvær ungar konur sem starfa ekki innan Ungra jafnaðarmanna en eiga það sameiginlegt að berjast fyrir betri heimi, hvor með sínum hætti. Sara Mansour hefur vakið mikla athygli fyrir réttindabaráttu sína þar sem hún hefur meðal annars bent á skaðsemi hjálparstarfstúrisma og fegurðarsamkeppna en Elísabet Brynjarsdóttir kom að stofnun Hugrúnar – geðfræðslufélags og hefur verið áberandi í umræðunni um geðsjúkdóma og andleg veikindi á samfélagsmiðlum.

Sara Mansour

21 árs

Fyrir hverju brennur þú?
Ég brenn sérstaklega fyrir kvenréttindum og baráttunni gegn rasisma í hvaða formi sem hann birtist. Þá brenn ég fyrir geðheilbrigðismálum, sérstaklega ungs fólks og raunar bara rétti ungs fólks til að hafa áhrif á eigin líf yfir höfuð.

Hvað keyrir þig áfram?
Það sem keyrir mig áfram er það að vita að ég hef haft áhrif áður og það er ekkert því til fyrirstöðu að ég geti gert það aftur. Ég hef séð hugmyndir fólks breytast til hins betra og ég er meira en tilbúin að fórna tíma og orku fyrir það.

Af hverju á ungt fólk að taka þátt í samfélagsumræðu?
Ungt fólk er stór hluti samfélagsins en er oft hundsaður vegna aldurs. Aldur getur vissulega haft áhrif á skoðanir okkar og hvernig við tjáum þær en það er ekki endilega slæmt. Ungt fólk er sérfræðingar í að vera ungt fólk og það hefur enginn tapað á því að hlusta á sérfræðinga.

Ertu með einhver ráð til ungs fólks sem vill hafa áhrif?
Mín ráð til ungs fólks er að standa saman, deila ábyrgðinni á verkefnum sem snerta okkur öll og styðja við bakið hvort á öðru þegar málefnin eru sértækari. Það er auðvelt að líða eins og maður standi einn í baráttunni og þá getur verið ómetanlegt að ráðfæra sig við fólk sem er manni samhuga.

Hvað drífur þig áfram?
Að taka þátt í breytingunum. Það þarf ekki að vera mikið. Bara ein skilaboð á samfélagsmiðlum geta gefið mér kraft til að halda áfram. Baráttan er miserfið, að sjálfsögðu, en þegar uppi er staðið verður maður að berjast fyrir sínum gildum. Þá drífur mig áfram að átta mig á, viðurkenna og standa við mín gildi drífur mig áfram.

Hvað er á döfinni hjá þér í dag?
Í dag nýt ég þeirra forréttinda að geta starfað við hagsmunabaráttu stúdenta alla daga vikunnar sem forseti Stúdentaráðs. Samhliða því er ég sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum í verkefni þeirra sem heitir Frú Ragnheiður. Ég hvet alla til að kynna sér það mikilvæga verkefni og mikilvægi skaðaminnkunar í samfélagi okkar.

Elísabet Brynjarsdóttir

25 ára

Hvernig varð Hugrún til?
Við vorum nokkur í sitthvoru horninu innan háskólans sem vorum öll að hugsa sama hlutinn: að það þyrfti að efla geðfræðslu og umræðuna um geðheilbrigði almennt hjá ungu fólki. Hagsmunabarátta stúdenta leiddi okkur svo saman úr ólíkum áttum, við bjuggum til hóp á Facebook sem allir voru velkomnir í og orðið fór að berast. Áður en við vissum af vorum við búin að stofna félag og komin á fullt að móta fræðsluefni með fagaðilum.

Ráð til ungs fólks sem vill hafa áhrif?
Prófa sig áfram. Það versta sem gæti gerst er að ekkert breytist, sem myndi hvort sem er gerast ef maður prófar ekki. Að lokum vil ég líka ítreka mikilvægi þess að hugsa um sjálfan sig. Það er oft auðvelt að tapa sjálfum sér þegar maður er mjög upptekinn í margvíslegum verkefnum. En það er ótrúlega gott, og mikilvægt, að gefa sér smá tíma, hlusta á sjálfan sig og sín gildi.

7 hlutir sem jafnaðarfólk er sammála um að þurfi fyrir blómlega byggð

Samfylkingin býður fram eigin lista í 13 sveitarfélögum um allt land og sem hluti af sameiginlegum framboðum í 11 sveitarfélögum til viðbótar.

Hvert sveitarfélag býr við ólíkar aðstæður og því eru áherslur Samfylkingarinnar á hverjum stað fyrir sig mjög fjölbreyttar. Það eru þó fullt af málum þar sem hjarta jafnaðarfólks slær í takt, alveg sama hvar á landi það er.

1. Öflugar almennings-samgöngur

Samfylkingin leggur ríka áherslu á að almenningssamgöngur eigi að vera áreiðanlegar, umhverfisvænar og aðgengilegar fyrir alla. Í Reykjavík leggur Samfylkingin mikið kapp á að ráðist verði í Borgarlínu sem allra fyrst. Borgarlínan er í raun öflugt kerfi almenningssamgangna sem tengir saman allt höfuðborgarsvæðið þar sem rafmagnsknúnir strætisvagnar keyra á sérakreinum alla leið og fá forgang á umferðarljósum. Þetta þýðir að vagnarnir eru áreiðanlegri og ferðirnar eru tíðari.

2. Betra umhverfi

Stærstu úrlausnarefni samtímans eru plastmengun og hlýnun jarðar. Þess vegna vill Samfylkingin í Kópavogi fjölga hjólastígum og gefa framhaldsskólanemum frítt í strætó. Þá vill hún gera Kópavog að plastpokalausum bæ og beita snjöllum lausnum á borð við deilibíla. Samfylkingin í Reykjanesbæ hefur fengið nóg af mengandi stóriðju og vill að umhverfið fái að njóta vafans. Hún vill að bærinn minnki notkun plasts og einnota umbúða til muna og bæti flokkun á sorpi.

3. Öruggur leigu-markaður

Öruggt húsnæði er mannréttindi. Staðan á leigumarkaði í dag er óásættanleg, fjölskyldufólk er á hrakhólum með börnin sín og fólk á lágum tekjum ver allt of stórum hluta ráðstöfunartekna sinna í húsnæði. Þess vegna eru það forgangsmál Samfylkingarinnar um land allt að byggja upp öruggan leigumarkað. Samfylkingin í á Akranesi leggur áherslu á að fjölga leiguhúsnæði í bænum, en þar er allt of lítið af leiguhúsnæði í dag.

4. Meira lýðræði

Eitt af grunngildum jafnaðarstefnunnar er lýðræði. Samfylkingin hefur alltaf lagt áherslu á aukna þátttöku almennings í ákvarðanatöku og hefur t.a.m. talað fyrir lækkun kosningaaldurs. Samfylkingin í Hafnarfirði vill auka aðgengi fólks að ákvarðanatöku þannig að forgangsröðun framkvæmda sé tekin í samráði og sátt við íbúa og hagsmunaaðila. Samfylkingin í Norðurbyggð tekur í sama streng og vill einnig efla ungmennaráðið í bænum.

5. Nútímalegt menntakerfi

Við viljum nútímalegt skólakerfi sem tekur mið af þörfum einstaklingsins. Samfylkingin í Borgarbyggð leggur ríka áherslu á lærdómssamfélagið og nauðsyn þess að skólarnir hafi frelsi og tækifæri til nýsköpunar í skólastarfi. Ekki er síður mikilvægt að bæta aðstöðu bæði nemenda og starfsfólks. Í Reykjavík hefur Samfylkingin haft foryst um að móta menntastefnu til ársins 2030, en til þess verkefnis hefur borgin fengið færustu sérfræðinga heims á sviði menntunar.

6. Fjölskyldu-vænt samfélag

Samfylkingin leggur áherslu á að samfélagið mæti þörfum barnafjölskyldna. Þannig vill Samfylkingarfólk í Hafnarfirði og Kópavogi brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með því að bjóða öllum börnum leikskólavist við 12 mánaða aldur. Þá leggur Samfylkingin á Akureyri áherslu á styttingu vinnuvikunnar. Þannig vill hún fjölga samverustundum fjölskyldunnar og auka frelsi fólks til að sinna áhugamálum sínum.

7. Jöfn tækifæri fyrir alla

Allir eiga að fá jöfn tækifæri, óháð efnahag og félagslegri stöðu. Samfylkingin í Norðurbyggð vill lækka verð á máltíðum í leik- og grunnskólum. Samfylkingin í Hafnarfirði vill styðja við fjölmenningu og leggur áherslu á að fjölga tækifærum fólks með annað móðurmál en íslensku auk þess að fara í átak gegn hvers kyns ofbeldi, einelti og áreitni.

Haraldur Guðmundsson
1892-1971

Þingmaður Alþýðuflokksins til 30 ára, hóf strax á fyrsta þingi sínu baráttu sína fyrir almannatryggingakerfinu. Sem ráðherra félagsmála árið 1936 fékk hann fyrstu löggjöf um „alþýðutryggingar“ samþykktar og lagði þannig grunn að því nútíma velferðarkerfi sem Íslendingar búa við í dag. Fyrstur íslenskra jafnaðarmanna til að verða ráðherra og notaði það tækifæri svona líka þrusuvel!

Héðinn Valdimarsson
1892-1948

Sonur Bríetar Bjarnhéðinsdóttur kvenréttindafrömuðar. Tók þátt í fyrstu tilraun til sameiningar vinstri manna í einn flokk eftir klofning Kommúnistaflokksins út úr Alþýðuflokknum og varð þannig fyrsti formaður Sósíalistaflokksins. Helsti baráttumaður fyrir byggingu verkamannabústaðanna á Hringbraut sem voru bylting í húsnæðismálum hinnar vinnandi stéttar Reykvíkinga á 4. áratugnum. Enn í dag þykja verkamannabústaðirnir ákjósanlegir húsakostir og nýjasti arftaki Héðins, núverandi formaður Samfylkingarinnar, Logi Einarsson á einmitt íbúð í „verkó“.

Merkir jafnaðar-menn

Gylfi Þ. Gíslason
1917-2004

Menntamálaráðherra í heil 15 ár, 1956-1971. Kom á fót tónlistarskólum út um allt land og lagði grunninn að gróskunni sem hefur verið í íslenskri tónlist allar götur síðan. Setti Lánasjóð íslenskra námsmanna á laggirnar. Sem viðskiptaráðherra barðist hann fyrir og fékk í gegn inngöngu Íslands í EFTA. Fékk handritin heim frá Dönum.

Jóhanna Sigurðardóttir
1942-

Lengi vel eina konan í þingflokki Alþýðuflokksins og í ríkisstjórn, sagði síðan skilið við karlaveldið í Alþýðuflokknum og sagði að hennar tími myndi koma. Varð síðar fyrsti kvenkyns forsætisráðherra Íslands. Sem félagsmálaráðherra kom hún m.a. á húsaleigubótum. Ríkisstjórn hennar eftir hrun kom m.a. á þrepaskiptu skattkerfi, jók jöfnuð í samfélaginu á krepputíma og endurreisti efnahag landsins. Þá varð Jóhanna og kona hennar meðal fyrstu samkynja pörum til að gifta sig í krafti nýrra hjúskaparlaga sem ríkisstjórn hennar fékk samþykkt árið 2010.

Þorbjörg og dóttir hennar, Valbjörg María.

Þorbjörg með einkennisliti Garðarbæjarlistans í blöðurformi.

Með áskrift að völdum í áratugi

Þorbjörg Þorvaldsdóttir er 28 ára Garðbæingur og ungur jafnaðarmaður. Hún skipar 7. sæti á Garðabæjarlistanum, nýjum sameinuðum framboðslista minnihlutans í Garðabæ. Við ræddum við Þorbjörgu og spurðum hana um áherslur þessa nýja lista.

Hvernig kviknaði hugmyndin að Garðabæjarlistanum?

Svo það sé sagt þá kom ég ekki inn í starfið fyrr en eftir að ákveðið hafði verið að bjóða fram saman en mér skilst að þessi hugmynd sé nokkurra ára gömul. Forsvarsmenn flokkanna hafa reynt áður að stofna framboð í þessum dúr, þ.e. framboð sem sameinar að einhverju leyti minnihlutann í Garðabæ, en það hefur ekki tekist þótt oft hafi litlu munað. Í ár gekk þetta síðan svona vel upp og úr varð alveg ótrúlega öflugur listi. Garðabæjarlistinn spannar auðvitað ansi stóran hluta hins pólitíska litrófs, frá Viðreisn til Vinstri grænna, en við erum alveg virkilega góður hópur og vinnum vel saman.

Af hverju viljið þið vinna saman í stað þess að bjóða fram í sitt hvoru lagi?

Við viljum gefa Garðbæingum skýran valkost og teljum að með því að sameina krafta okkar getum við náð til fleira fólks og almennt háð öflugri baráttu en flokkarnir gætu gert í sitt hvoru lagi. Svo má ekki gleyma því að á Garðabæjarlistanum er mikið af óháðum einstaklingum, sem fá þarna vettvang til þess að taka þátt í bæjarpólitík án þess að skrá sig í einhvern einn stjórnmálaflokk. Við erum sem sagt mjög fjölbreyttur hópur fólks og mér finnst í raun og veru alveg magnað hvað við erum sammála um hvað þarf að bæta í Garðabæ.

Hverjar eru áherslur Garðabæjarlistans?

Slagorðið okkar er virkjum lýðræðið. Í því felst auðvitað hvatning til kjósenda um að kynna sér eitthvað annað en þennan eina flokk sem hefur haft hálfgerða áskrift að völdum í Garðabæ í áratugi. Í slagorðinu felst svo líka að viljum við sjá miklu virkara samráð við bæjarbúa þegar kemur að stórum ákvörðunum meðal annars með íbúakosningu um mjög umdeild mál. Það er rosalega mikilvægt að tryggja það að allar boðleiðir séu skýrar og að það sé gagnsæi í stjórnsýslunni. Síðan er okkar helsta áhersla að Garðabær eigi að vera fyrir alla. Þar er af mörgu að taka, en við viljum að ungt fólk og ungar barnafjölskyldur hafi einhverja alvöru búsetuvalkosti í Garðabæ, við viljum efla stuðning við það fólk sem þarf á aðstoð bæjarins að halda, fjölga félagslegum íbúðum og tryggja að öll börn hafi kost á því að stunda íþróttir. Svo viljum við stuðla að því að Garðabær verði lifandi bær með því að skapa tækifæri fyrir öflugt atvinnulíf, hlúa að miðbænum og koma upp sköpunarmiðstöð ungs fólks svo eitthvað sé nefnt.

Við viljum að ungt fólk og ungar barnafjölskyldur hafi einhverja alvöru búsetuvalkosti í Garðabæ.

XS Samfylkingin

Atkvæðið þitt skiptir máli

Kjóstu þann 26. maí!